204. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í gegnum Zoom

Föstudaginn 31. maí 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestur á fundi var Geirlaug Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Hagvangs ehf. ráðninga- og ráðgjafafyrirtækis.

Dagskrá fundar:

1. *Yfirferð umsókna um stöðu nýs framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs.* Geirlaug kynnti niðurstöður eftir fyrstu umferð viðtala og ræddi næstu skref. Gert er ráð fyrir að ákvörðun verði tekin á fundi kirkjugarðaráðs þann 13. júní.
2. *Viðræður um nýjan samning kirkjugarðaráðs og dómsmálaráðuneytis um framlag ríkissjóðs til starfsemi kirkjugarða.* Dómsmálaráðuneyti brást við bréfi kirkjugarðaráðs þar sem óskað var eftir nýjum samningi um framlag til reksturs kirkjugarða með því að óska eftir að fá fulltrúa frá kirkjugarðaráði á fund ráðuneytis sem fyrst og leggja til mánudaginn 10. júní klukkan 13:00. Kirkjugarðaráð felur Smára, Ingvari og Guðmundi Rafni að mæta á fundinn.
3. *Næsti fundur.* Fimmtudaginn 13. júní kl. 13:00, staðsetning verður ákveðin síðar.
4. *Önnur mál.* Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:25.